



1654. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal (ÍSí, Salur D)
19.12.2018, kl. 11:30

1. Fundargerð 1653. fundar

Samþykkt.

2. Verðskrá viðburða

Gögn lögð fram, umræður. Verðbólga um 3,3% og ljóst að ýmsir kostnaðarliðir munu hækka töluvert á milli ára. Samþykkt að hækka verðskrár um 2,9% samanber almennar hækkanir t.d. hjá Reykjavíkurborg.

3. Verkefni stjórnar

Lagt fram. Stjórnarfolk yfirfari fyrir næsta fund.

4. Upplýsingaskilti um Melavöll

Þessum lið frestað.

5. Þing ÍBR 2019

Þessum lið frestað.

6. Lög ÍR

Þessum lið frestað.

7. Aðildarumsóknir

Umsóknir frá Knattspyrnufélagið Miðbær og Glímufélag Reykjavíkur eru til umfjöllunar hjá laganefnd ÍSí. Báðar umsóknirnar samþykktar af hálfu ÍBR með fyrirvara um samþykki ÍSí.

8. Frístundakortið – kynning

Ómar Einarsson sviðsstjóri og Jóhanna Garðarsdóttir verkefnastjóri upplýsingatæknimála á skrifstofu íþrótt- og tómsundasviðs Reykjavíkurborgar komu inn á fundinn og fylgdu úr hlaði tölfræði um frístundakortið sem byggir á gögnum fyrir árið 2017. Samtals voru greiddar út um 697 milljónir það ár, þar af ~423 milljónir v/þátttöku í íþróttastarfi (~61%), ~67 milljónir v/líkamsræktar, ~64 milljónir v/dansiðkunar, ~60 milljónir v/tónlistarnáms, ~35 milljónir v/frístundaheimila (~62% upphæðar v/16-18 ára), ~10 milljónir v/myndlistar og ~5,5 vegna sjálfstyrkingar svo dæmi séu nefnd. Um 79% barna á aldrinum 6-18 ára nýttu kortið árið 2017 og er notkunin mest í aldurshópnum 6-9 ára. Árið 2017 æfði ~61% 6-18 ára reykviskra barna eina eða fleiri íþrótt með félagi. Í umræðum í framhaldinu kom m.a. fram að mikil aukning hefur orðið í notkun frístundakortsins eftir að upphæðin var hækkuð úr 35.000 kr. í 50.000 kr. fyrir árið 2017. Unnið er að því að auka notkun kortins á meðal innflytjenda m.a. með því að bæta aðgengi að upplýsingum. Starfsmenn ÍBR sátu þennan lið fundarins og tóku þátt í umræðum.

9. Önnur mál

- Þjóðarleikvangar, með tilvísan í lið 3 frá 1653. stjórnarfund, samþykkt að falla frá í ljósi þess að vinna sem m.a. tengist þessum málum er komin í gang hjá Reykjavíkurborg.
- Samþykkt að halda fyrsta stjórnarfund næsta árs þann 2. janúar.

Fundi slitið kl. 12:50.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari